

Ed.

326. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 33 12. febrúar 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 2. málsg. 1. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra, ef í hlut eiga fámenn og afskekkt læknishéruð eða hérað, sem af öðrum ástæðum er illkleift að greiða af höndum kostnað við að reisa eða endurbyggja læknisbústaði með þeim styrk, sem ákveðinn er í 1. málsg. þessarar greinar, að auka styrki frá því, sem þar greinir, upp í allt að $\frac{3}{4}$ byggingarkostnaðar.

Þó skal framlag til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli í læknishéruðum með færri en 850 íbúum greiðast með $\frac{4}{5}$ kostnaðarverðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.